



## Náms- og framvindureglur um BSc í tæknifræði

### Reglur um inntöku nemenda, prófkröfur, endurtöku prófa, námsframvindu, forsetalista o.fl.

Reglur þessar byggja á almennum náms- og prófareglum Háskólans í Reykjavík og samræmdum reglum Háskólans í Reykjavík um grunnnám, sem og reglugerð fyrir Háskólann í Reykjavík. Að öðru leyti en hér kemur fram er vísað til þeirra reglna. Vakin er athygli á því að nemendur bera sjálfir ábyrgð á að haga námi sínu í samræmi við þessar reglur.

### 1. Inntaka nemenda

1.1. Bókleg inntökuskilyrði eru stúdentspróf, sveinspróf, frumgreinapróf úr HR eða sambærilegt próf. Til þess að geta hafið nám í tæknifræði þarf haldgóða þekkingu í stærðfræði, raungreinum, íslensku og ensku. Til leiðbeiningar er miðað við að nemendur hafi lokið að lágmarki 20 einingum í stærðfræði (þ.m.t. STÆ 503 eða sambærilegt í nýju 3 ára kerfi) og 6 einingum í eðlisfræði (þ.m.t. EÐL 203 eða sambærilegt). Í byggingartæknifræði er næganlegt að hafa lokið 3 einingum í eðlisfræði. Í íslensku er nauðsynlegt að hafa lokið 20 einingum og í ensku 15 einingum. Einingafjöldinn hér að ofan miðast við nýtt áfangakerfi framhaldsskólanna í 3 ára kerfi.

1.2. Iðn- og tæknifræðideild setur viðmiðunarreglur um val á umsækjendum við inntöku í námið.

### 2. Mat á fyrra námi og reynslu/þekkingu

2.1. Nemandi sem óskar eftir því að fá fyrra háskólanám sitt metið sækir um það til verkefnastjóra á þar til gerðu eyðublaði.

2.2. Námskeið sem tekið hefur verið í öðrum háskóla er metið til eininga við Háskólann í Reykjavík og skráð á námsferil sem metið (M) ef um er að ræða sambærilegt námskeið frá viðurkenndum háskóla, enda hafi nemandi staðist námskeiðið með einkunn 6 eða hærri m.v. einkunnaskala HR. Til að geta útskrifast úr HR skal þó almennt miða við að nemandi hafi tekið a.m.k. 50% af heildareiningafjölda viðkomandi námsbrautar við HR.

2.3. Mat námskeiða frá öðrum háskólum skal vera í höndum námsmatsnefndar.

2.4. Við mat á fyrra námi gildir almennt að námskeið eldri en 9 ára eru ekki metin. Einungis eru metin námskeið með einkunn 6 eða hærri.

2.5 Í einstaka tilvikum getur nemandi óskað eftir mati á þekkingu og reynslu til jafns við námskeið sem hann þarf að ljúka á viðkomandi námsbraut til útskriftar.

2.6. Ef nemandi leitast eftir því að fá þekkingu/reynslu metna til jafns við námskeið á námsáætlun þarf að óska eftir því með því að skila inn formlegri beiðni um ásamt viðeigandi gögnum til stuðnings. Beiðni þarf að skila fyrir lok fyrstu kennsluviku námskeiðs. Mat á námskeiði er eingöngu framkvæmt á þeirri önn sem nemandi ætti að ljúka námskeiðinu. Telji kennari námskeiðsins og fagstjóri námsbrautar að framlögð gögn samræmist þeirri þekkingu, hæfni og leikni sem nemandi á að sýna við lok umrædds námskeiðs gengst nemandi undir stöðumat (verkefni/próf samið af kennara undir umsjón fagstjóra). Standist nemandi stöðumatið með einkunn 6 eða hærri, og eftir að námsmatsnefnd hefur staðfest matið, er námskeiðið skráð á námsferil sem metið (M). Til þess að geta útskrifast úr HR skal þó miða við að nemandi hafi tekið a.m.k. 50% af heildareiningafjölda viðkomandi námsbrautar við HR.

### 3. Lágmarkseinkunn og fjöldi eininga á önn

3.1. Til að standast námskeið þarf nemandi að fá einkunn 5,0 eða hærri.

3.2. Nemandi getur sjálfur skráð sig í að hámarki 32 ECTS einingar á önn. Ef nemandi vill taka fleiri einingar á önn þarf hann að sækja um það til verkefnastjóra.



#### 4. Námsmat og endurtekning prófa

4.1. Fyrirkomulag námsmats í hverju námskeiði er tilkynnt við upphaf kennslu. Í þeim tilfellum þar sem haldið er lokapróf í námskeiði er boðið upp á sjúkra- og endurtektarpróf.

4.2. Ef nemandi stenst ekki endurtektar- eða sjúkrapróf sem hann þreytir ber honum að sitja námskeiðið að nýju áður en hann þreytir aftur próf í því, sjá almennar náms- og prófareglur HR.

4.3. Nemandi er heimilt að sitja hvert námskeið tvisvar sinnum og þreyta þau próf sem í boði eru í bæði skiptin (þ.e. aðalpróf og sjúkra-/endurtektarpróf). Ef nemandi hefur ekki staðist námskeið eftir að hafa setið það tvisvar sinnum og vill halda áfram námi ber honum að sækja um endurinnritun. Sé honum veitt heimild til þess heldur hann einungis þeim námskeiðum sem hann hefur lokið með einkunn 6,0 eða hærri. Ný innritun tekur mið af gildandi námskrá hverju sinni.

4.4. Nemandi sem staðist hefur lokapróf getur óskað eftir að endurtaka prófið. Í þeim tilvikum gildir einkunn úr seinna prófinu.

4.5. Verkefnastjóri og nemendabókhald hafa eftirlit með rétti nemenda til að endurtaka próf.

#### 5. Námsáætlun og lokaverkefni

5.1. Námi í tæknifræði er 210 ECTS einingar og miðast skipulag þess við að námsframvinda sé 30 ECTS einingar á önn. Lokaverkefni í tæknifræði er 24 ECTS einingar (frá og með haustönn 2021: 4 ECTS aðferðarfræði og 20 ECTS lokaverkefni). Á vef iðn- og tæknifræðideildar er birt kennsluskrá og yfirlit yfir skipulag námsins. Á vef iðn- og tæknifræðideildar eru einnig birtar samþykktar námsáætlanir fyrir hverja námsbraut og reglur um lokaverkefni.

5.2. Nemendum er bent á mikilvægi þess að kynna sér kröfur um undanfara áður en þeir skrá sig í námskeið.

#### 6. Námsframvinda

6.1. Til að mega flytjast á annað námsár þarf nemandi að hafa lokið a.m.k. 42 ECTS einingum af námsefni fyrsta námsárs. Ef nemandi sem uppfyllir ekki þetta skilyrði hyggst halda áfram námi ber honum að sækja um endurinnritun og tekur ný innritun mið af gildandi námskrá hverju sinni. Sé honum veitt heimild til þess heldur hann einungis þeim námskeiðum sem hann hefur lokið með einkunn 6,0 eða hærri.

6.2. Nemandi skal hafa lokið öllum námskeiðum fyrsta námsárs eigi síðar en 2 árum eftir að hann innritaðist. Hafi hann ekki gert það getur hann sótt um endurinnritun ef hann vill halda áfram námi. Sé honum veitt heimild til þess heldur hann einungis þeim námskeiðum sem hann hefur lokið með einkunn 6,0 eða hærri. Ný innritun tekur mið af gildandi námsáætlun hverju sinni.

6.3. Til að mega vinna lokaverkefni í tæknifræði þarf nemandi að hafa lokið a.m.k. 174 ECTS einingum þ.e. hann má að hámarki taka 12 ECTS einingar samhliða lokaverkefni.

6.4. Nemandi skal ljúka námi sínu innan 6 ára. Ef námi er ekki lokið 6 árum eftir að nemandi innritaðist ber honum að sækja um endurinnritun ef hann vill halda áfram námi og tekur ný innritun mið af gildandi námskrá hverju sinni. Við endurinnritun heldur nemandi einungis þeim námskeiðum sem hann hefur lokið með einkunn 6,0 eða hærri.

6.5. Nemandi getur sótt um að gera hlé á námi sínu eða að stunda nám samkvæmt sérstakri áætlun sem vikur frá ofangreindu. Umsóknin, ásamt áætlun um námsframvindu til námsloka, skal send til verkefnastjóra, studd viðeigandi gögnum. Gildar ástæður fyrir námshléi eða hægferð í námi eru t.d. barnsburður eða veikindi. Námsmatsnefnd metur umsóknir um námshlé, hægferð eða önnur frávik. Námshlé er veitt í eitt ár að hámarki.

6.6. Verkefnastjóri hefur eftirlit með námsframvindu nemenda.



## 7. Skiptinám

7.1. Nemandi sem vill fá heil misseri í skiptinámi metin að fullu þarf að leggja fram áætlun fyrir skiptinámið til verkefnastjóra og fá áætlun sína samþykkt áður en skiptinámið hefst. Skiptinám er skráð á námsferil sem metið (M).

7.2. Vísað er til greinar 2.2 að ofan varðandi mat á einstökum námskeiðum.

## 8. Forsetalisti

8.1. Þeir nemendur í grunnnámi sem bestum árangri ná á hverju próftímabili eiga þess kost að komast á forsetalista iðn- og tæknifræðideildar og fá skólagjöld næstu annar niðurfelld. Til þess að vera gjaldgengir á forsetalista þurfa nemendur í dagskóla að ljúka einingum sem svara til fulls náms á viðkomandi önn og þurfa að hafa lokið öllum námskeiðum viðkomandi annar samkvæmt samþykktri námsáætlun. Samþykkt námsáætlun getur annars vegar verið birt námsáætlun (sjá grein 5.1) og hins vegar eigin námsáætlun nemanda sem námsmatsnefnd hefur samþykkt (sjá grein 6.5).

8.2. Eingöngu námskeið sem nemendur ljúka á hefðbundnu próftímabili, eða fyrir þann tíma, eru gjaldgeng á forsetalista. Í útreikningi á meðaleinkunn gilda eingöngu próf sem tekin eru í fyrsta sinn í tilteknu námskeiði, m.ö.o. sjúkrapróf gilda en endurtektarpróf ekki.

## 9. Annað

9.1. Undanþágur frá reglum þessum eru aðeins veittar með samþykki námsmatsnefndar. Umsóknir um undanþágur skulu sendar til verkefnastjóra, studdar viðeigandi gögnum.

Gildistaka:

Reglur þessar öðlast þegar gildi. Reglur þessar gilda fyrir nemendur sem innrituðust í Háskólann í Reykjavík 1. júlí 2021 eða síðar.

-----  
*Þannig samþykkt á fundi deildarráðs þann 25. október 2005.*

*Þannig samþykkt, með áorðnum breytingum, á deildarráðsfundi tækni- og verkfræðideildar HR 17. Desember 2008.*

*Þannig samþykkt, með áorðnum breytingum, á deildarráðsfundi tækni- og verkfræðideildar HR 6. Nóvember 2012.*

*Þannig samþykkt, með áorðnum breytingum, á fundi deildarráðs iðn- og tæknifræðideildar HR 26. febrúar 2021.*